

Dags. 21. október 2011.

Skýrsla þjónusturáðs málefna fatlaðra á Suðurlandi 2010-2011.

María Kristjánsdóttir

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

Ragnheiður Hergeirsdóttir

I. Inngangur

Um áramótin 2010-2011 tóku sveitarfélög á Íslandi við nýju verkefni frá ríkinu, þjónustu við fatlað fólk en hún hafði áður verið hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra víða um land. Undirbúningur að yfirtöku þjónustu við fatlað fólk frá ríkinu hafði staðið með hléum um árabíl. Í byrjun árs 2010 hófst undirbúningur sveitarfélaganna á Suðurlandi með málþingi sem haldið var á vegum SASS. Það lá fyrir að ríkið setti skilyrði um að þjónustusvæði hefðu a.m.k. 8000 íbúa þannig að ljóst var að sveitarfélög á Suðurlandi þurftu að sameinast um verkefnið að hluta til eða að öllu leyti.

Sveitarfélögin á Suðurlandi eiga nú með sér samstarf um þjónustu við fatlað fólk á Suðurlandi skv. samningi sem undirritaður var þann 14. september 2010. Félagsþjónustur á svæðinu eru grunneiningar í uppbyggingu verkefnisins. Þær voru fimm í upphafi en eru nú þrjár, félagsþjónusta Árborgar, velferðarþjónusta Árnesþings, og F

félagsþjónusta Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu.

Í þessari greinargerð verður fjallað um formlega skipan málefna fatlaðra á Suðurlandi eftir yfirfærslu, um starfshætti og verkefni þjónusturáðs undanfarna 12 mánuði. Skýrt verður með hvaða hætti einstakar starfseiningar færðust yfir til sveitarfélaganna og hvernig sérfræðiþjónusta hefur verið skipulögð. Fjallað verður um fjárhagshlið verkefnisins, stöðu og horfur í þeim efnum. Skilgreind verða helstu og brýnustu verkefni sem framundan eru út frá fyrirbyggjandi þjónustubörf fatlaðs fólks á svæðinu, samþættingarmöguleikar og sóknarfæri. Einnig verður hugmyndafræði og áherslum í þjónustu við fatlað fólk gerð nokkur skil til að varpa betur ljósi á eðli og þarfir þessarar þjónustu.

II. Samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi

Þrettán aðildarsveitarfélög Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga mynda sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Þessi sveitarfélög eru :

- Bláskógabyggð
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hveragerðisbær
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Árborg
- Ölfus
- Flóahreppur
- Ásahreppur
- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Mýrdalshreppur
- Skaftárhreppur

Fyrirgreind sveitarfélög undirrituðu samning 14. september 2010 og tók hann gildi þann 1. janúar 2011 og gildir til 31. desember 2014. Markmið með samningnum er að þjónusta við

fatlað fólk verði samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna þannig að fatlað fólk njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags. Þjónustan innan svæðisins skal veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir á veitingu hennar á mati á þjónustuþörf.

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga samningsins í stjórn SASS mynda stjórn þjónustusvæðisins á grundvelli sérstaks umboðs, annast almenna stjórnun hans og bera ábyrgð á framkvæmd hans gagnvart aðildarsveitarfélögum.

Framkvæmd samningsins er í höndum félagsþjónustu eftirtalinna sveitarfélaga :

- Félagþjónustu Árborgar
- Félagþjónustu Rangárvalla og V- Skaftafellssýslu
- Velferðarþjónustu Árnesþings

Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar á grundvelli erindisbréfs og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar þjónustusvæðisins. Þjónusturáð er skipað þremur félagsmálastjórum fyrrgreindra félagsþjónustusvæða. Formaður þjónusturáðs er María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri velferðarþjónustu Árnesþings.

Hlutverk þjónusturáðs er :

- Umsjón með daglegri stjórnun samningsins
- Umsjón og forgangsröðun innan ramma þjónustusamning við Sveitarfélagið Árborg, samráð vegna samninga við sjálfstæða þjónustuaðila
- Stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagsmunaaðila
- Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis
- Árangursstjórnun og eftirlit með þeirri þjónustu sem veitt er innan þjónustusvæðisins
- Eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila
- Áætlanagerð og eftirlit vegna rekstrarsjóðs þjónustusvæðis
- Umsjón með gerð sameiginlegs ársreiknings þjónustusvæðis

Stjórn sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands og Sveitarfélagið Árborg gerðu með sér samning um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem Sveitarfélagið Árborg annast.

Meðal verkefna er :

- Sérhæfð ráðgjöf
- Stuðningur við þjónusturáð
- Samningar við sjálfstæða þjónustuaðila
- Þjónusta við stjórn þjónustusvæðisins
- Rekstur sérhæfðra þjónustueininga

Á árinu 2011 var markmið með yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga að færa þjónustuna sem næst íbúunum með því að færa sem mest af sérhæfðri einstaklingsráðgjöf til fatlaðs fólks sem ekki býr á heimilum með sólarhringsþjónustu yfir á

félagsþjónustur hvers sveitarfélags. Í upphafi árs 2011 voru tveir sérfræðingar, sem áður störfuðu á svæðisskrifstofu Suðurlands, ráðnir til Árborgar samkvæmt samningi um sérhæfða ráðgjöf. Þann 1. október síðastliðinn var öðru stöðugildi sérfræðings skipt upp á milli þjónustusvæðanna þriggja.

Stöðugildinu var skipt upp með eftirfarandi hætti :

- 40% til félagsþjónustu Árborgar
- 40% til velferðarþjónustu Árnesþings
- 20% til félagsþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu

Með þessu náðist markmiðið um eflingu nærþjónustu félagsþjónustusvæðanna. Auk þessa hafa félagsþjónustusvæðin bætt í starfsflotann sinn. Félagþjónusta Árborgar hefur bætt við 80% starfshlutfalli í málefnum fatlaðra, félagsþjónustan í Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu hefur bætt við sig 20% og velferðarþjónusta Árnesþings hefur bætt við sig 20%.

III. Helstu verkefni þjónusturáðs

Þjónusturáð tók til starfa 25. ágúst 2010 og var fyrst skipað til bráðabirgða eða þar til samningur um sameiginlegt þjónustusvæði 13 sveitarfélaga á Suðurlandi varð að veruleika. Þjónusturáð hefur haldið 45 fundi og voru fundir fyrstu 9 mánuðina haldnir vikulega en eru nú haldnir hálfsmánaðarlega. Ráðið hefur sett sér starfsreglur sem stjórn þjónustusvæðis hefur samþykkt.

Starf ráðsins fyrstu mánuðina fór í að kynna sér þá starfsemi sem var að færast yfir til sveitarfélagana. Ráðið kynnti sér mjög ítarlega rekstur allra starfseininga og starfsmannahald og leitaði lausna til að aðlaga þær einingar sem best að skipulagi sveitarfélaganna. Ráðið heimsótti jafnframt allar starfseiningar og flest einkarekin heimili á þjónustusvæðinu.

Ráðið vann að tillögum að samningi sem félagsþjónustusvæðin gerðu við Sveitarfélagið Árborg um rekstur á úrræðum sem voru sameiginleg fyrir öll sveitarfélögin og skipulag og verkefni sérhæfðra ráðgjafa starfsmanna svæðisskrifstofu sem voru staðsettir í Árborg í byrjun. Ráðið kortlagði þjónustupörf notenda á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig til að hafa yfirsýn yfir hversu stór hluti þjónustu við þá myndi heyra undir almenna félagsþjónustu.

Þjónusturáð stóð fyrir svokölluðum hugarflæðisfundi þann 15. október 2010 þar sem boðaðir voru starfsmenn svæðisskrifstofu, sveitarfélaganna og hagsmunasamtaka. Rannveig Traustadóttir hélt þar fyrirlestur um sjálfstætt líf. Í framhaldi að þeim fyrirlestri var fólki skipt upp í hópa þar sem það svaraði ákveðnum spurningum sem hver hópur kynnti síðan. Niðurstöður hópanna verða nýttar til frekari stefnumótunar í málaflokknum.

Þjónusturáð sat marga samstarfs- og fræðslufundi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hjá velferðarráðuneytinu. Mikill tími fór í launamál starfsmanna við flutning og var lengi óvissa um flutning á réttindum, stéttarfélagasáðild og fleira sem mikilvægt var að greiða úr sem fyrst. Ráðið kynnti sér þjónustu við fatlað fólk á Akureyri en þeir eru komnir lengst allra í samþættingu á þjónustu.

Þjónusturáð hefur fundað með hagsmunasamtökum, setið einn fund með Öryrkjabandalaginu og tvo fundi með Þroskahjálpi á Suðurlandi. Þjónusturáð hélt einnig kynningarfund í desember fyrir notendur og aðstandendur þeirra. Þá hefur þjónusturáð átt fund með réttindagæslumanni fatlaðra á Suðurlandi.

Þjónusturáð fundaði með sérhæfðum starfsmönnum um niðurstöður SIS-mats og var í framhaldinu ákveðið að óska eftir endurmati fyrir tiltekinn hóp notenda.

Skipting fjármagns, sem annars vegar kemur úr Jöfnunarsjóði og hins vegar í gegnum útsvar sveitarfélaganna, hefur verið nokkuð snúin og hafa verið haldnir fundir með fjármálastjórum sveitarfélaga, fulltrúum Jöfnunarsjóðs og samráðsnefndar til að fara yfir fjármál til málaflöksins.

Á árinu hafa komið upp nokkur brýn einstaklingsmál sem þörfuðust skjótra úrlausna og hefur þjónusturáðið leitast við að bregðast við þeim málum jafnóðum.

Samningar við sjálfstæða rekstaraðila hafa tekið tíma og enn á eftir að ljúka samningum við Sólheima en vonast er eftir að þeim ljúki á næstunni.


Við yfirfærsluna á málaflöknum lá fyrir að á árinu 2011 yrðu ekki byggð upp ný úrræði og því hefur þjónusturáðið lagt áherslu á að kynnast starfseminni vel og finna fleti sem hægt er að samþætta almenna félagsþjónustu eða að félagsþjónustuvæðin gætu verið í samstarfi með úrræði. Mörg verkefni bíða ráðsins. Leiðbeinandi reglur frá velferðarráðuneyti um ferðaþjónustu, stuðningsfjölskyldur og tækjakaupa eru loks núna að líta dagsins ljós. Kostnaðargreining SIS-mats er væntanlegt í lok þessa árs og árið 2012 verður farið í að SIS-meta þá sem eru á biðlista. En þó ekki hafi verið tekið á biðlistavanda á þessu ári er ljóst að árið 2012 þarf að koma á fót nýjum búsetuúrræðum, bæði í sólarhringsþjónustu og stuðningi við sjálfstæða búsetu.

IV. Starfseiningar og sérfræðiþjónusta

Þjónustuvæðið tók við rekstri 7 starfseininga, auk fjögurra þjónustusamninga einkaaðila/sjálfeignarstofnana þar sem veitt er búsetu- og dagþjónusta fyrir fatlað fólk. Á Selfossi eru tvö heimili með sólarhringsþjónustu, vinnu- og hæfingarstöðin VISS, auk þjónustumiðstöðvar fyrir skammtímavistun og stoðþjónustu við sjálfstæða búsetu. Í Þorlákshöfn er heimili með sólarhringsþjónustu og vinnustofa sem rekin er sem útibú frá VISS á Selfossi. Í Hveragerði er heimili þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Hjá félagsþjónustunni í Árborg voru fram til 1. október s.l. tveir sameiginlegir starfsmenn sem sinntu sérhæfðri ráðgjöf fyrir allt þjónustuvæðið. Í dag er eitt sameiginlegt stöðugildi í þessari ráðgjöf. Ráðgjafarþjónusta er veitt fjölskyldum barna, jafnt í heimahúsi sem og í tengslum við skólagöngu. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem gengur út á að grípa sem fyrst inn í málefni fatlaðra barna með virkri ráðgjöf til foreldra og fer sú ráðgjöf fram í nánasta umhverfi barnsins. Mikilvægt er að allir sem koma að þjónustu við barnið vinni saman og í góðum tengslum við barn og foreldra.

V. Fjármagn til málaflokksins

Til þjónustusvæðisins renna eftirfarandi tekjur :



Greiðslur til þjónustusvæðisins eru byggðar á áætlun svæðisskrifstofu Suðurlands vegna ársins 2010.

80 % af því fjármagni sem þjónustusvæðið á Suðurlandi fær í málaflokkinn kemur úr Jöfnunarsjóði. Það fjármagn rennur annars vegar til greiðslu samninga við sjálfstæða þjónustuaðila sem eru :

- Breiðabólstaður
- Kerlingardalur
- Skaftholt
- Sólheimar

Og hins vegar rennur það til þjónustueininga á þjónustusvæðinu sem eru :

- Heimilið Birkimörk, Hveragerði
- Heimilið Selvogsbraut, Ölfusi
- Heimilið Vallholt 9, Selfossi
- Heimilið Vallholt 12-14, Selfossi
- VISS, vinnu- og hæfingarstöð, Selfossi
- VISS, vinnu- og hæfingarstöð, Þorlákshöfn
- Þjónustumiðstöðin Álftarima, Selfossi

20 % af fjármagni sem þjónustusvæðið fær rennur inn til sveitarfélaganna þrettán í gegnum útsvarið. Við tilfærslu málaflokksins var ákveðin 0,25% hækkun á útsvarsstofni sveitarfélaganna. og byggir áætlunin vegna 2011 á útsvarsstofni fyrir árið 2010. Vegna samnings stjórnar sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands við Sveitarfélagið Árborg greiða aðildarsveitarfélögin hvert fyrir sig 0,125% af útsvari sínu til sameiginlegs rekstrarsjóðs í vörslu Árborgar. Þessar greiðslur eiga að nægja fyrir öllum kostnaði sem samningur stjórnar sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands við Árborg felur í sér.

Verði rekstrarafgangur vegna samningsins eftir árið mun hann renna í sameiginlegan rekstrarsjóð. Lokauppgjör ársins 2011 fer fram þegar endanlegar tölur fyrir árið liggja fyrir.

Sveitarfélögin halda eftir hinum helmingnum, 0,125% sem renna á til félagsþjónustusvæðanna skv. samningnum. Standi sameiginlegur rekstrarsjóður vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi ekki undir kostnaði vegna þjónustueininganna 7 munu

sveitarfélögin þurfa að greiða inn til rekstrarsjóðs af þeim hluta útsvarsins sem félagsþjónustusvæðunum er ætlað. Árið 2011 er fyrsta árið sem sveitarfélögin sjá um rekstur málefna fatlaðra og því ákveðin óvissa með þá skiptingu fjármagns sem samstarfssamningur sveitarfélaganna á Suðurlandi gerir ráð fyrir.

Rauntölur fyrstu 8 mánuði ársins vegna sjálfstæðra þjónustuaðila og þjónustueininga :

Stofnanir/deildir	Aætlun frá Svæðisskrifstofu janúar - ágúst	Rauntölur fyrir janúar-ágúst	Mismunur	Skýringar
Heimilið Vallholt 9 Árborg	36.534.613	37.535.296	-1.000.683	Langtímaveikindi tveggja starfsmanna
Heimilið Vallholt 12-14 Árborg	31.868.194	33.807.424	-1.939.230	Yfirvinna frá 11.des+ vetrarfrí+ yfirvinna
Heimilið Selvogsbraut Ölfusi	32.457.955	34.587.114	-2.129.159	Yfirvinna frá 11.des+ vetrarfrí
Heimilið Birkimörk Hveragerði	37.647.213	39.545.246	-1.898.033	Yfirvinna frá 11.des+ stöðugildin voru hærrí
Þjónustumiðstöðin Álftarima	45.199.683	49.723.283	-4.523.600	Yfirvinna frá 11.des+ vetrarfrí + 20% viðbótarkostn. v. lífeyrisskuldb. B-deildar+vanáætlun + sérúrræði
VISS Selfossi	33.722.217	33.194.081	528.136	
VISS Þorlákshöfn	7.835.007	7.539.073	295.934	
Breiðabólstaður	18.400.000	23.582.336	-5.182.336	Hækkun vegna samræmingar á samningnum + nýr íbúi
Kerlingardalur	15.200.000	15.030.664	169.336	
Skaftholt	35.200.000	33.866.664	1.333.336	Samið um lækkun
Sólheimar	183.200.000	183.266.672	-66.672	
Samtals	477.264.882	491.677.853	-14.412.971	
Heildarniðurstaða	-14.412.971			

Útgiöld í samanburði við greiðslur frá Jöfnunarsjóði :

Rauntölur janúar - ágúst	Útlagt
Heimilið Vallholt 9 Árborg	37.535.296
Heimilið Vallholt 12-14 Árborg	33.807.424
Heimilið Selvogsbraut Ölfusi	34.587.114
Heimilið Birkimörk Hveragerði	39.545.246
Þjónustumiðstöðin Álftarima	49.723.283
VISS Selfossi	33.194.081
VISS Þorlákshöfn	7.539.073
Samtals	235.931.517
Greitt frá Jöfnunarsjóði	208.162.981
Mismunur	-27.768.536
Rauntölur janúar - ágúst	Útlagt
Breiðabólstaður	23.582.336
Kerlingardalur	15.030.664
Skaftholt	33.866.664
Sólheimar	183.266.672
Samtals	255.746.336
Greitt frá Jöfnunarsjóði	252.000.000
Mismunur	-3.746.336

Rauntölur fyrstu 8 mánuði ársins vegna samnings stjórnar þjónustusvæðis á Suðurlandi við Sveitarfélagið Árborg :

Stofnanir/deildir	Áætlun m.v. samning við Árborg	Rauntölur fyrir janúar-ágúst	Mismunur	Skýringar
Sameiginlegir liðir	23.056.667	16.227.855	6.828.812	Tveir sérfræðingar í stað þriggja

Rauntölur eru mun lægri en ársáætlun 2011 gerir ráð fyrir og má rekja þennan mun til þess að einungis tveir sérfræðingar voru ráðnir í stað þriggja sem áætlun gerir ráð fyrir. Eins og fyrr segir greiða aðildarsveitarfélögin þrettán 0,125% af útsvarsstofni til Árborgar vegna samningsins og höfðu sveitarfélögin greitt kr. 31.185.000- þann 31.ágúst 2011.

VI. Hugmyndafræði

Meginmarkmið þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og að vinna að því að sköpuð séu þau skilyrði sem fatlað fólk þarf til að lifa eðlilegu lífi.

Hagsmunabarátta fatlaðs fólks snýst um mannréttindi í samræmi við ákvæði fjölmargra laga og reglna, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, alþjóðlegar skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir og svo mætti áfram telja.

Áhersla er lögð á að fatlað fólk hafi eins og aðrir tækifæri til þátttöku í samfélaginu, geti öðlast verðugt hlutverk, að sjálfræði fólks og einstaklingsréttur sé virtur og fólk eigi eðlilegt val um hvernig það hagar lífi sínu. Í þessu samhengi er mikilvægt að þjónustan sé skipulögð og framkvæmd í samræmi við vilja og óskir notandans og hann geti sjálfur haft sem mest áhrif/stjórn á öllum þáttum hennar.

Í nýlegri bráðabirgðaskýrslu, „ [Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga](#)“ (á vef velferðarráðuneytisins), sem kynnir niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir velferðarráðuneytið segir m.a:

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks byggir á félagslegum skilningi á fötlun og endurspeglast það í innihaldi hans. Markmið samningsins er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og frelsis til fulls og jafns við aðra. Í samningnum er hugtakið fötlun skilgreint sem hugtak í stöðugri þróun, samfara aukinni þátttöku fatlaðs fólks í ákvörðunum um eigið líf, í opinberri stefnumótun og rannsóknum. Enn fremur er lögð áhersla á að fötlun verði til í samspili fólks með skerðingu umhverfis og viðhorfa í samfélaginu sem hindra fulla samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra. Þannig gerir samningurinn greinarmun á skerðingu manneskjunnar og fötluninni.

Fólk með sams konar skerðingu getur þar af leiðandi glímt við mismikla fötlun vegna áhrifa ýmissa félagslegra þátta og þess umhverfis sem það lifir í. Þegar rýnt er í framtíðarsýn og markmið sveitarfélaga tengd þjónustu við fatlað fólk í kjölfar yfirfærslunnar má glögglega sjá þessa félagslegu sýn á fötlun.

Lögð er áhersla á að þjónustan miði að því að fötluðu fólki sé tryggt jafnrétti og því sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu. Þannig er tekið mið af þeirri sýn sem liggur til grundvallar í innihaldi samnings Sameinuðu þjóðanna og eru bundnar vonir við að innleiðing samningsins ásamt yfirfærslunni feli í sér sóknarfæri í þjónustu við fatlað fólk (Jóna G. Ingólfssdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2010).

VII. Þjónustubörf á svæðinu

Við yfirfærslu málaflokksins var ákveðið að meta stuðningsþörf allra einstaklinga 18 ára og eldri á landinu sem eru í búsetuþjónustu við fatlaða. Matið er ætlað að greina hvaða stuðning einstaklingur þarf. Niðurstöður matsins eiga að auðvelda skipulagningu aðstoðar/stuðnings, stuðla að því að allir fái aðstoð /stuðning við hæfi og að samræma útreikning á kostnaði við þjónustuna. Nú er búið að meta þá sem fá aðstoð en enn liggur ekki fyrir útreikningur á kostnaði út frá SIS flokki. Næst er á dagskrá að meta stuðningsþörf þeirra sem eru á biðlista og átti sú vinna að fara fram árið 2011 en það er ljóst að henni verður ekki lokið fyrr en á árinu 2012.

Þegar sveitarfélögin tóku yfir málaflokkinn á Suðurlandi þá lá fyrir skv. svæðisáætlun 2010-2012 að eitt af heimilunum með sólarhringsþjónustu hentaði illa fyrir fjölfatlaða íbúa þess. Finna þarf nýtt húsnæði fyrir þessa íbúa sem hentar betur og uppfyllir kröfur um einkarými samkvæmt búsetureglugerð fatlaðs fólks. Einnig lá fyrir skv. biðlista, þ.e. a.s. til að koma til móts við þá sem þurfa á sólarhringsþjónustu að halda, að brýnt væri að hefja undirbúning að nýjum þjónustukjarna með 5 íbúðum sem fyrst. Framundan er vinna við að meta hvort æskilegra sé að byggja þjónustukjarna eða að bjóða upp á notendastýrða persónulega aðstoð til þeirra einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda.

Þjónusturáð leggur áherslu á að einstaklingum, sem ekki þurfa á sólarhringsþjónustu að halda, verði gert kleift að eiga val um hvort þeir búi í sinni heimabyggð eða flytji í þéttbýliskjarna. Eðli málsins samkvæmt verður þjónustukjörnum, með sólarhringsþjónustu, ekki komið upp á mörgum stöðum á Suðurlandi. Stór hluti þeirra sem nú eru á biðlista geta búið í sjálfstæðri búsetu en þurfa á stuðningi og aðstoð að halda. Flestir þeirra eiga rétt á félagslegu húsnæði hjá sveitarfélögunum eða geta óskað eftir húsnæði hjá Brynju hússjóði ÖBÍ. Eðlilegt er að þjónustusvæðið leiti eftir samstarfi við Brynju hússjóð um að kaupa eða byggja húsnæði í þeim sveitarfélögum sem þörfin er fyrir hendi. Til að gæta samræmis og jafnræðis meðal umsækjenda á þjónustusvæðinu þá þarf umræða við ÖBÍ að vera með milligöngu þjónusturáðsins. Samhliða framangreindri uppbyggingu þarf að leggja áherslu á að koma á starfsþjálfun og hæfingu í heimabyggð, t.d. með því að gera samninga við fyrirtæki í heimabyggð til að taka slíkt að sér. Viss á Selfossi myndi gegna hlutverki bakhjarls í slíkri uppbyggingu.

VIII. Áhrif nýrra verkefna á félagsþjónustu á svæðinu

Fatlað fólk á rétt á allri almennri þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga og ef þörf er á sérhæfðri þjónustu vegna fötlunar og hindrana sem standa í vegi fyrir því að fatlað fólk geti notið sömu tækifæra og aðrir, þá er þjónusta veitt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Markmið þjónustunnar er að gera fötluðu fólki kleift að lifa sem eðlilegustu lífi og vera virkir þátttakendur í samfélaginu, hver og einn á sínum forsendum. Þjónusta við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðra mun, ef vel er á málum haldið, efla og styrkja samfélagslega þjónustu sveitarfélaganna og auðga samfélagið á hverjum stað.

Möguleikar til að samþætta og þróa þjónustu sem sveitarfélög bera ábyrgð á skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og hina svo kölluðu sérhæfðu þjónustu við fatlað fólk eru á ýmsum sviðum en slík þjónusta getur verið nauðsynleg fyrir fólk á ýmsum aldri og af mismunandi ástæðum, s.s. fötlun, öldrun, örorku, veikindum eða langvarandi atvinnuleysi. Sem dæmi má nefna þjónustu sem veitt er inn á heimili fólks, þjónustu sem fram til þessa hefur gjarnan verið á hendi tveggja eða fleiri þjónustuaðila og starfsmanna. Einnig má nefna stuðning til atvinnuþátttöku en með því að leggja saman þá þekkingu, reynslu og hugmyndir sem koma annars vegar úr félagsþjónustunni og hins vegar málefnum fatlaðra má gera ráð fyrir að ná enn betri árangri í því markmiði að allir geti lagt sitt af mörkum í samfélaginu. Loks má nefna að samþætting og samræming á ráðgjöf og stuðningi við fjölskyldur fatlaðra barna mun einfalda daglegt líf fjölskyldnanna og fækka þeim aðilum sem þær þurfa að eiga samskipti við en þjónusta við fötluð börn er á hendi margra þjónustukerfa. Gera má ráð fyrir að þessi efling nærþjónustunnar muni einnig styrkja aðrar þjónustustofnanir í heimabyggð, s.s. skóla og heilsugæslu. Þá mun þetta einnig hafa áhrif á þætti eins og skipulags- og umhverfismál í nærsamfélaginu. Eitt af stærstu hagsmunamálum fatlaðs fólks er að manngerðum hindrunum sem hamla þátttöku þeirra til eðlilegs lífs og þátttöku í samfélaginu, hvort sem þær eru huglægar eða hlutlægar, sé rutt úr vegi. Með því að færa ábyrgð og skipulag þjónustunnar inn í nærsamfélagið ætti að nást meiri árangur í þeim efnum.

Ekki er tímabært að segja til um hvort eða hvernig þetta nýja verkefni sveitarfélaganna hafi áhrif á rekstrarhlið velferðarþjónustunnar en ætla má að hægt verði nýta það fjármagn sem rennur til málaflokksins betur öllum til heilla og ætla má að sveigjanleiki í þjónustunni verði meiri þegar stjórnun þjónustunnar er komin á heimavöll.

IX. Næstu skref, lokaorð

Þjónusturáð mun á næsta ári vinna að því að leiðbeinandi reglur, sem velferðarráðuneytið hefur í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að, verði samræmdar fyrir allt þjónustusvæðið. Samhliða því mun ráðið samþætta þær reglur við gildandi reglur sveitarfélaganna þar sem það á við. Stjórn þjónustusvæðis og þjónusturáð munu í byrjun næsta árs fá notendur, hagsmunasamtök, sveitarstjórnarmenn, starfsfólk sveitarfélaganna, sérfræðinga í málaflokknum og fleiri til að koma saman til að móta stefnu í málaflokknum. Við gerð þeirrar stefnu munum við hafa til hliðsjónar samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.